

Guovssu guovssahasat

Höfundur texta: Karen Anne Buljo (Samalandi)
Höfundur mynda: Inga-Wiktoria Páve (Samalandi) Davvi Girji, 2019
Var tilnefnd til Barna- og unglingabókaverðlauna Norðurlandaráðs 2020.

Söguþráður: Hér er á ferðinni hefðbundin munnleg frásögn um ógnvekjandi norðurljós sem stela litum. Börnin láta reyna á mörk sín, laða náttúruöflin fram með þulum og læra að axla ábyrgð þegar þau lenda í hættum.

Efnisorð: náttúran, hefðir, norðurljós, Samaland

Samtöl og leikur:

SKOÐA-LESA með yngstu börnunum

Skoðið myndirnar með barninu. Hver eru á mynd unum? Hvaða liti finnið þið? Veljið uppáhaldslitina ykkur og teiknið norðurljós.

LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðaðu kápumyndina. Um hvað heldurðu að bókin sé?
2. Hvað eru norðurljós? Hefur þú séð norðurljós?
3. Hvaða litir eru í norðurljósunum í bókinni? Teiknaðu norðurljós með uppáhaldslitunum þínum.
4. Búið saman til þulu sem laðar fram rigningu, snjó, norðurljós eða önnur náttúruþyrirbæri.




ISBN 978-952-7486-65-8

BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Hverju lofa börnin foreldrunum áður en þau leggja af stað? Hvernig fer það svo? Stendur þú yfirleitt við loforð þín?
2. Hver heldur þú að hún sé þessi hvítklædda sem tælir börnin í leik?
3. Hverjar eru reglur norðurljósanna?
4. Hvaða aðrir hvítir hlutir eru í sögunni?
5. Hvað er joik? Hlustið saman á nokkrar joikvísur.
6. Hefurðu lært eitthvað sem þú vissir ekki fyrir? Segðu frá?

BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Hvað fannst þér gott við bókina? Hvað fannst þér ekki eins skemmtilegt? Var eitthvað sem þér fannst óþægilegt? Sérðu mynstur eða tengingu við aðrar sögur?
2. Hvað finnurðu í myndunum sem er dæmigert samískt?
3. Finnst þér einhver náttúruþyrirbæri ógnandi? Hvaða náttúruöfl og hvers vegna? Skrifðu ljóð!
4. Samar búa í Samalandi. Hvar er Samaland?
5. Hvaða samísku tungumál eru til og hvar í Samalandi eru þau töluð?



ÖNNUR BÓK SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:

Aqipi- til sommerfest. Höfundur: Naja Rosing-Asvid

MÁLAMOLI

"Norðurljós"

sænska

Norrskén

danska

Nordlys

norska

Nordlys

íslenska

Norðurljós

færeyska

Norðlýsi

grænlenka

Arsarnerit

finska

Revontulet

norðursamíska

Guovssahasatn

Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)